

## Stjórnarfundur FEB nr. 440

Priðjudaginn 28.01.20. kl. 9:30

**Fundarmenn:** Ellert B. Schram, Guðrún Árnadóttir, Þorbjörn Guðmundsson, Sjöfn Ingólfssdóttir, Finnur Birgisson, Dýrleif Guðjónsdóttir og Jóhanna Ragnarsdóttir.

**Ritari:** Dýrleif Guðjónsdóttir í fjarveru ritara stjórnar

Dagskrá:

1. Ferðamál
2. Fyrirhugaðar ferðir, skipulagning, samkeppnisaðilar ofl.
3. Kosning kjörnefndar, þarf 3 aðila.

Töluverð forföll voru á fundinum þannig að öllum dagskráliðum hér að ofan var frestað nema aðeins var komið inn á ferðaskrifstofuleyfið. Sjá nánar hér að neðan.

**Fundarefni:**

### 1. Fundur með nokkrum fv. stjórnarmönnum bygginganefndar.

Fv. stjórnarmenn bygginganefndar, þau Brynjólfur, Þorbergur, Anna Þrúðu og Stefán eru væntanleg á fund stjórnar FEB seinna í dag 28.01.20. varðandi bréf sem Brynjólfur ritaði stjórn þann 14. okt. 2019. *Til nánari útskýringar er vísað í viðkomandi bréf.*

Einnig hefir stjórninni borist bréf frá Stefáni er varðar það að tveir kaupendur (bygginganefndarmenn) nutu ekki afsláttar. Líklegt þykir að vilji sé fyrir því að taka það bréf til umræðu *Sjá nánar bréf frá Stefáni dagssett 25.01.19. (á líklegast að vera 2020).*

Margt er enn í vinnslu varðandi Árskóga og stjórn þarf upplýsingar frá Sverri og lögfræðingi FEB, þannig að endanlega sé hægt að svara fyrirspurnum um afsláttina. Fundurinn ákvað að fela ritara, varaformanni og framkvæmdastjóra að vera í sambandi við þá til að koma afsláttarmálunum á hreint svo hægt verði að svara endanlega fyrir þetta í eitt skipti fyrir öll. Fundurinn ákvað því að bréfið frá Brynjólfi yrði það eina sem tekið yrði fyrir á fundi með fv. stjórnarmönnum bygginganefndar seinna í dag, auk þess sem stjórn FEB myndi hlusta á það sem þau hefði fram að færa. Einnig ákvað fundurinn að bréfinu frá Stefáni yrði að svara skriflega.

### 2. Launauppgjör við fyrrverandi framkvæmdastjóra

Ákveða þarf hvernig launauppgjöri fv. framkvæmdastjóra verði háttað. Fundurinn ákvað að fela varaformanni, lögfræðingi og framkvæmdastjóra að klára þessi mál þannig að félaginu sé sómi af. Fundurinn óskaði eftir því að uppgjörið yrði klárað um næstu mánaðarmót.

### 3. Aðalfundur

Hefja þarf undirbúning aðalfundar. Fundurinn bókar að aðalfundur verði haldinn þann 12. mars kl. 14:00 í sal félagsins að Stangarhyl 4. Ákveðið var að starfsmenn FEB byrji að stilla upp skýrslu á grunni eldri skýrslu en stjórn þarf síðan að taka við og fjalla m.a. um Árskóga. Þorbjörn upplýsti að búið væri að fastsetja fundarstjóra.

### 4. Ferðaskrifstofuleyfi

Einn félagsmaður FEB sem hefur mikla reynslu af ferðageiranum hafði samband við stjórnarmann og varaði félagið við því að fá Ferðaskrifstofuleyfi, því fylgi of miklar kvaðir og áhætta. Einnig kostar leyfið útlagaðar tryggingar sem heyrst hefur að gætu verið háar upphæðir. Telur viðkomandi að til

séu aðrar leiðir fyrir félagið til að halda út ferðum sínum. Þessu er komið á framfæri og eðlilegt að fjalla aftur um þetta að viku liðinni þegar taka á ferðamálin fyrir.

#### 5. Prókúruheimildir

Fundurinn samþykkti að veita Dýrleifu Guðjónsdóttur, framkvæmdastjóra FEB og Jóhönnu Ragnarsdóttur, skrifstofustjóra FEB prókúrumboð fyrir hönd félagsins og samþykkti stjórnin skjal þess efnis með undirritun sinni.

Þorkjartur Guðmundsson  
Guðjónsdóttur  
E. M. B. Schramm  
Guðjónsdóttur